

mætt. Eftir því, sem að framan er sagt, verður að telja það rétt, að stefndi sinti eigi þessum mótmælum eða stöðvaði uppboðið, og með því að áfrýjandi hefir eigi haldið því fram, að stefndi hafi að öðru leyti hagað sér svo við uppboðið, að hann eigi að greiða bætur fyrir, verða kröfur áfrýjanda eigi heldur byggðar á gjörðum stefnda sem uppboðshaldara.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og með því að eigi getur orðið spurning um að breyta málskostnaðarákvæði dómsins stefnda í vil, ber að staðfesta hann.

En málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda og ákveðst hann 30 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Pálmi Jónsson, greiði stefnda Davíð Jónssyni 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi, áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 60/1912:

Bjarni Jónsson

gegn

Sigurði Þórðarsyni.

#### Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði sýslumaður Sigurður Þórðarson gegn viðskiftaráðunaut og alþingismanni Bjarna

Jónssyni fyrir ærumeiðandi ummæli í greiu með fyrir-sögninni »Bögubósar« í 64. tölubl. 38. árg. blaðsins Ísa-foldar, sem út kom 14. okt. 1911, en undir greininni stóð nafn Bjarna Jónssonar; var málinu ráðið til lykta með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 1. febr. f. á. á þann veg, að þessi ummæli í nefndri grein: »svo kunn er þessi fylking að sannleikshatri og rógást«, og: »höfundar þessir skara fram úr hugleiðingaspekingnum í Arnarholti að ljúgvísi og drengskaparleysi, þótt hann sé nú hafður að orðtaki«, — voru dæmd dauð og ómerk, Bjarni Jónsson sektaður fyrir þau um 150 kr. til lands-sjóðs, til vara skyldi hann sæta 25 daga einföldu fangelsi, og loks var honum gert að greiða málskostnað 20 kr.

Dómi þessum hefir Bjarni Jónsson skotið til yfir-dómsins með stefnu dags. 6. desbr. f. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, en til vara, að sektin verði sett svo lág, sem lög frekast leyfa, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Af sinni hálfu hefir stefndi sýslu-maður Sigurður Þórðarson krafist þess, að dómurinn verði að öllu leyti staðfestur, og að honum verði til-dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Áfryjandi kannast við að hafa skrifað áminsta Ísa-foldargrein, og eru fyrir því hin átöldu ummæli á ábyrgð hans, en þau felast í þeim tveim málsgreinum, sem að framan eru tilfærðar. Hann hefir nú haldið því fram, að hin fyrri klausan (»svo kunn er« o. s. frv.) geti alls eigi átt við hinn stefnda; orð þessi séu stíluð til blaða-heimastjórnarmanna, sem hann í greininni kallar »þessa fylking«, en eigi til stefnda; en áfryjandi hefir í grein-

inn sett stefnda í samband við nefnd blöð og áminsta fylking á þann veg, að klausa þessi verður að teljast jafnframt stíluð til hans (sbr. orðin um stefnda: skjaldsveinn þeirra, attaníoss þeirra). Það verður því að fallast á það álit undirdómarans, að ummælin í báðum hinum átöldu málsgreinum séu freklega meiðandi fyrir stefnda, og það eins þó svo sé litið á, að þau veitist aðallega eða að eins að »stjórnmalastefnu« stefnda, eins og áfrýjandi hefir komist að orði. En áfrýjandinn vill telja ummælin saklaus vegna þess, að greinin »Bögubósar« sé stíluð beint í tilefni af ritlingi stefnda »Afmælishugleiðingar«, er kom út nokkru áður og inniheldur meðal annars mjög svæsna árás á áfrýjanda. En þótt svo megi líta á málavexti, að áfrýjandi hafi ritað greinina »Bögubósar« í gremju og bræði út af árás stefnda á hann í »Afmælishugleiðingunum«, og þótt á það verði að fallast, að »Afmælishugleiðingarnar« séu freklega móðgandi fyrir áfrýjanda, þar sem hans er getið — þá réttlæti það eigi ummæli áfrýjanda um stefnda, þau sem hér eru sakarefni. Það er því rett að héraðsdómarinn hefir dæmt þau dauð og ómerk, og sekt að áfrýjanda fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, en sektina virðist mega ákveða með tilvitnun til 221 gr. laganna 100 kr., og vararefsinguna 20 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað í héraði samþykkist ákvæði undirréttardómsins, og verður því að staðfesta greindan dóm með breytingu þeirri á refsingunni, er að ofan segir. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Afryjandi Bjarni Jónsson greiði sekt í landssjóð 100 kr., eða sæti 20 daga einföldu fangelsi, sé sektin öll eigi greidd í tæka tíð. Að öðru leyti skal bæjarþingsdóminum óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 7/1913:

Viggo Jónsson

gegn

Einari M. Jónassyni.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 8. ágústm. f. á., var hinn stefndi Einar M. Jónsson dæmdur til að greiða afryjanda, Viggo Jónssyni, skuld að upphæð 375 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1911 til borgunardags, og málskostnað með 20 kr. Dómi þessum hefir nefndur Viggo Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 18. júní þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu. Á hinn bóginn hefir Einar M. Jónasson gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 10. febr. þ. á., og virðast réttarkröfur hans vera þær, að málinu verði vísað frá rétti (undirrétti) sem of snemma höfðuðu, eða að dómin-